



Markaðsstofa Suðurlands

## Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands

### Símafundur 13. nóvember 2012 kl. 14.30

Steingerður setti fundinn og voru allir stjórnarmeðlimir voru mættir á símafund.

#### Uppskeruhátíð

- Góð skráning á uppskeruhátíðina sem verður næsta föstudag. Markmiðið var að fá 100 manns og það er komið. Góður veislustjóri og góð skemmtiatrið sem verða í boði. Skemmtilegt kvöld því framundan, reyna að ná fleirum með sem ekki eru búnir að skrá sig.

#### Markaðsmál

- [www.winterwonderland.is](http://www.winterwonderland.is) – framgangur verkefnis. Vefurinn er kominn í loftið. Davíð er að vinna í því að fá góða aðila til þess að skrifa á vefinn. Fá fólk í verkið sem þekkir svæðið og ferðamálin. Það þarf að vanda vel til verks ef vel á ða gera. Breyting verður gerð á forsíðunni, fá virkni inná vefinn frá fólk. Hugmynd að gera límmiða og spjöld sem minna ferðamanninn að instagram inná vefinn. Miðinn minni fólk á að taka mynd af stað og stund og sendir beint inná síðuna. Önnur vinna sem er í gangi er að lista upp góð leitarorð sem vinna með síðunni. Davíð hefur verið að kynna þetta aðeins til aðila
- Tilboð frá inflight-magazin Easyjet. Davíð hitti aðila frá Easyjet í London. Hugmynd að kaupa auglýsingar hjá þessum aðilum. Gæti kannski þá komið til greina að kaupa yfir vetrarmánuðina hjá þeim. Kostar samt mikið að auglýsa hjá þeim. Líftími blaðsins er einn mánuður. Velja þarf þá mánuðinn vel til þess að það skili sér sem best. Davíð settur í að kanna þetta betur, með lægra verð og hugmynd að auglýsingu í 2 mánuði.
- Tilboð Petit Futé. Fröns ferðahandbók. Mest lesna franska ferðahandbókin í dag. Er að bjóða Markaðsstofunni tilboð í auglýsingu á vefsíðu, appið og ferðahandbókina. Davíð settur í að kanna verð hjá henni.
- Stuðningur v. menningar ferðaiðnað á suður -og vesturlandi – Leytast eftir stuðningi til Markaðsstofunnar vegna verkefnis í skjá- og prentmiðlum, sem sýnir sögustaði tengda GPS. Kortlagning og hnit sem hægt er að ferðasett eftir, er að kortlegga menningartengda ferðastaði á suðurlandi. GPS app. Hægt að keyra eftir þessu á ferð um suðurlandið. Erindi hafnað

## Sýningar og kynningar

- Þátttaka í Mid Atlantic 2013. Verður í febrúar. Engar kynnisferðir á okkar vegum í kjölfarið sýningarinnar eins og verið hefur. Iceland travel mun eingöngu sjá um það. Mikilvægt að vera með í þessari sýningu.
- Workshop st. Petersburg janúar 2013
  - FAM-hópur í kjölfarið (samvinnu með Icelandair). Davíð ræddi við Ársæll hjá Icelandair sem sér um þennan markað. Setja upp Famferð og velja góða kaupendur í koma hingað til landsins. Stjórnin telur þetta góða tímasetningu til að fara á þennan markað þar sem að beint flug þaðan er að fara af stað.
- Vildmarksmessan (samvinnu með Icelandair) Sýning í Stokkhólmi. Neytendasýning. Spurning hvort það eigi að fara á hana.
- 
- Tur Gautaborg (samvinnu með Íslandsstofu). Neytenda og fagsýning. Ef Davíð fer með þá fer hann á þeirra vegum. Íslandsstofa mun þá borga Davíð á sýninguna.
- Resjeliv Osló. Sýning í Janúar. Ásborg er tilbúin að fara á þessa sýningu fyrir MSS. Er að fara á vegum sögutengdrar ferðaþjónustu og vill þá kynna suðurlandið í leiðinni. Spurning að styrkja hana í það verkefni. Fá kostnaðaráætlun frá þeim áður en við tökum ákvörðun um þetta.

Stjórnin felur Davíð að taka saman hvað allar þessar sýningar kosta og sendir á stjórnina í vikunni.

Ekkert fleira rætt.

Fundi slitið kl 15:20